Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, www.hevf.

Bolungarvík 1.12 2023

Arna Lára Jónsdóttir
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

**E.coli í neysluvatni Þingeyringa**-Vatnssuða

28. nóvember E.coli mældist. Sýnataka var endurtekin þann 30. nóvember niðurstaðan var að vatnið stenst ekki kröfur skv. neysluvatnsreglugerð nr 536/2001
úr sýninu ræktast . E.coli.
Þegar heilbrigðiseftirlitið tekur sýni af neysluvatni þá er vatnið skoðað með tilliti til svonefndra vísibaktería. Þannig er leitað að saurbakteríum, kólígerlum og saurkólí gerlum en þetta eru bakteríur sem hafa uppruna sinn í þörmum dýra með heitt blóð. Tilvist þeirra segir því til um ferska eða nýlega saurmengun. Við það að finna vísibakteríur í neysluvatni gefur okkur tilefni til að álykta að aðrar og hættumeiri bakteríur gæti verið þar einnig að finna. Sterk tengsl eru milli þess að finna saurkólí í vatni og þess að finna *Campylobakter* sem gefur tilefni til sterkra viðbragða um leið og við finnum saurbakteríur í drykkjarvatni.

Virðingarfyllst

_______________________
Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi

HE Heilbrigðiseftirlit
VF Vestfjarða

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, www.hevf.



**Tilkynning notanda neysluvatns Þingeyringa**
Við könnun á neysluvatni þann 28.11 fundust saurgerlar (*E.coli*) í neysluvatninu. Sem varúðarráðstöfun er fólki ráðlagt að sjóða drykkjarvatnið.

Virðingarfyllst

_______________________
Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi